

**2002 nr. 77 8. maí****Lög um vörur unnar úr eðalmálum**

Tóku gildi 1. júlí 2002. *Breytt með* l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 125/2013 (tóku gildi 31. des. 2013) og l. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til framleiðslu á vörum sem unnar eru úr eðalmálum í atvinnuskyni og til innflutnings, kaupa og sölu á þeim.

**■ 2. gr. Skilgreiningar.**

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Ábyrgðarstimplar*: Stimplar sem eru notaðir til að auðkenna vörur unnar úr eðalmálum. Greinast þeir í nafnastimpla, hreinleikastimpla, staðarmerki og ártöl.

2. *Nafnastimpill*: Stimpill sem er samþykktur, merktur og skráður hjá [Neytendastofu]<sup>1)</sup> og auðkennir framleiðanda eða innflytjanda vöru sem unnin er úr eðalmálum þannig að hægt er að rekja uppruna hennar.

3. *Hreinleikastimpill*: Stimpill sem sýnir skýrlega hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru.

4. *Eftirlitsstimpill*: Opinber stimpill sem staðfestir hreinleika eðalmálma.

5. *Eðalmálmur*: Gull sem inniheldur 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli, silfur sem inniheldur 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri, platína sem inniheldur 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu og palladíum sem inniheldur 500 þúsundhluta eða meira af hreinu palladíum.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr.

**■ 3. gr. Yfirstjórn.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 344. gr.

**II. kafli. Notkun ábyrgðarstimpla.****■ 4. gr. Merkingar á vörum.**

□ Ábyrgðarstimpla má eingöngu nota á vörur sem unnar eru úr eðalmálum.

□ Allar vörur unnar úr eðalmálum í atvinnuskyni skulu bera hreinleikastimpil og nafnastimpil og er óheimilt að flytja slíkar vörur inn til landsins, selja þær eða bjóða til sölu nema þær beri slíka stimpla.

□ Vörur unnar úr eðalmálum eða vörur sem líkjast þeim mega ekki bera stimpla sem líkjast svo stimplum samkvæmt lögum þessum að ruglingi geti valdið. Þó mega vörur ávallt bera stimpla sem heimildir eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

□ Vörur sem ekki teljast unnar úr eðalmálum skv. 5. tölul. 2. gr. má ekki markaðssetja sem slíkar eða sem vörur úr gulli, silfri, platínu eða palladíum. Ef hlutfall gulls, silfurs, platínu eða palladíums er lægra en fram kemur í 5. tölul. 2. gr. má markaðssetja vöruna sem vöru sem inniheldur gull, silfur, platínu eða palladíum, enda komi skýrt fram að hlutfall þessara málma sé lægra en í eðalmálum.

**■ 5. gr. Ábyrgð.**

□ Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við lög þessi. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

**■ 6. gr. Opinber staðfesting.**

□ [Neytendastofa]<sup>1)</sup> getur falið opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu að mæla og staðfesta hreinleika málma sem lög þessi taka til. Hún getur útbúið eftirlitsstimpil sem viðkomandi aðili notar til að staðfesta hreinleika málma. Framleiðandi og innflytjandi geta þá óskað eftir slíkri staðfestingu. Vara sem ber slíkan stimpil þarf ekki að bera nafnastimpil.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr.

**■ 7. gr. Vörur frá Evrópska efnahagssvæðinu.**

□ Hreinleikastimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum hreinleikastimplum, enda sé opinbert eftirlit með hreinleika eðalmálma sambærilegt eftirliti hér landi. Sama gildir um opinbera eftirlitsstimpla frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Nafnastimplar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum nafnastimplum ef unnt er að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann getur sýnt fram á rétt sinn til að nota nafnastimpilinn.

**■ 8. gr. Undanþágur.**

□ Eftirtaldir vörur eru undanþegnar ákvæðum 4. gr. um stimplanotkun:

1. Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.

2. Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vega minna en 1 gramm og vörur úr silfri sem vega minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.

3. Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.

4. Hjóðfæri.

5. Mynt sem er í fullu gildi.

6. Vörur sem óumdeilanlega geta talist formmunir.

□ Heimilt er að undanþiggja aðrar vörur en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. ákvæðum 4. gr. séu merkingar samkvæmt þeirri grein ekki taldar nauðsynlegar til að tryggja vernd neytenda.

□ Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem [Neytendastofa]<sup>1)</sup> eða aðili á hennar vegum, sbr. 6. gr., gefur út.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr.

**III. kafli. Eftirlit og gjaldtaka.****■ 9. gr. Eftirlit [Neytendastofu].<sup>1)</sup>**

□ [Neytendastofa]<sup>1)</sup> skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skal [Neytendastofa]<sup>1)</sup> halda skrá yfir alla nafnastimpla sem hún viðurkennir.<sup>2)</sup>

□ [Neytendastofu]<sup>1)</sup> er heimilt með samningi að fela faggiltri skoðunarstofu, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa, að annast á sína ábyrgð markaðseftirlit með vörum sem lögín taka til.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr. <sup>2)</sup> Rg. 452/2002.

**■ 10. gr. Heimildir [Neytendastofu].<sup>1)</sup>**

□ [Neytendastofu]<sup>1)</sup> og faggiltum skoðunarstofum, sbr. 2. mgr. 9. gr., er heimill aðgangur að starfsstöðvum framleiðenda, innflytjenda og seljenda vara sem unnar eru úr eðalmálum vegna eftirlits á grundvelli laga þessara.

□ Framleiðanda, innflytjanda og seljanda vöru er skylt að kröfu [Neytendastofu]<sup>1)</sup> og faggiltra skoðunarstofa, sbr. 9. gr., að veita allar upplýsingar og afhenda vörur til skoðunar eða

prófunar, svo og hluti eða gögn sem nauðsynleg eru til að staðreynda að fylgt sé ákvæðum laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr.

■ **11. gr. Úrræði** [Neytendastofu].<sup>1)</sup>

□ Komi í ljós að vara uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur [Neytendastofa]<sup>1)</sup> bannað sölu hennar. Sé um að ræða rökstuddan grun um brot getur [Neytendastofa]<sup>1)</sup> bannað sölu á viðkomandi vöru tímabundið.

□ Framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, eftir því sem við á, skal bera þann kostnað sem hlotist getur vegna aðgerða [Neytendastofu]<sup>1)</sup> skv. 1. mgr.

□ Sé fyrir mælum [Neytendastofu]<sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ekki hlitt getur [Neytendastofa]<sup>1)</sup> fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir sem lagðar skulu á viðkomandi framleiðanda, innflytjanda eða seljanda eða fyrirvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að fradregnum kostnaði við innheimtuna.

□ [Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.

□ Ákvörðunum sem Neytendastofa tekur á grundvelli laga þessara verður skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli 4. gr. [laga um Neytendastofu].<sup>2)</sup>

□ Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrir en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.

□ Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 125/2013, 6. gr. <sup>3)</sup> L. 34/2007, 7. gr.

■ **12. gr. Gjaldtaka.**

□ Fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli, sbr. 2. tölul. 2. gr., skal greiða [Neytendastofu]<sup>1)</sup> 10.000 kr. Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og/eða selja vörur sem falla undir þessi lög skulu greiða [Neytendastofu]<sup>1)</sup>

12.000 kr. á ári vegna eftirlits stofnunarinnar samkvæmt lögum, auk kostnaðar vegna sýnatöku og greiningar sýna. Ef sami einstaklingur eða lögaðili hefur fleiri en eina starfsstöð skal hann greiða gjald vegna hverrar starfsstöðvar. Gjaldið skal greitt 1. febrúar ár hvert fyrir síðasta almanaksár. Ef eftirlitsskyldur aðili hefur starfsemi á gjaldárinu skal gjaldið ákvarðað í hlutfalli við þann tíma sem starfsemin hefur varað á árinu. Aðför má gera til fullnustu kröfum vegna gjaldsins án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu renna [í ríkissjóð].<sup>2)</sup>

□ Leiði eftirlit í ljós að vörur uppfylla ekki skilyrði laga þessara greiðir viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða seljandi allan útlagðan kostnað sem hlýst af nauðsynlegri viðbótarrannsókn, svo sem kostnað við sýnatöku og greiningu sýna, ferðakostnað og annan kostnað sem er í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið.

□ Sá sem óskar staðfestingar á hreinleika málma, sbr. 6. gr., skal greiða þeim er þjónustuna veitir gjald sem nemur þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna, svo sem vegna tækjakosts og mannafla.

<sup>1)</sup> L. 62/2005, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 47/2018, 34. gr.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **13. gr. Viðurlög.**

□ Fyrir brot á lögum þessum skal refsfa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

■ **14. gr. Reglugerð.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal í reglugerð<sup>2)</sup> kveða nánar á um framkvæmd laganna. Þar má m.a. mæla fyrir um hvernig stimplar samkvæmt lögum skuli notaðir, gerð þeirra og útlit, kröfur til hreinleika málma, heimild til að blanda saman eðalmálmum og öðrum málmum eða efnum við framleiðslu á vörum og notkun hreinleikastimpla á slíkar vörur, notkun íblöndunarefna og eftirlit.

<sup>1)</sup> L. 98/2009, 62. gr. <sup>2)</sup> Rg. 938/2002.

■ **15. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.